

Skipulagsstofnun
Ómar Ingbórsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 8. janúar 2018
UST201711-227/B.S.
08.14.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Jarðgerð í Gufunesi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða framleiðslu á alls 2.500 tonnum af moltu árlega en til þessa hafa verið framleidd um 500 tonn árlega í Gufunesi.

Helstu umhverfisáhrif framleiðslu af þessu tagi eru lyktar- og örverumengun. Til að bregðast við lyktarmengun verða múgar heylfir þegar vindur stendur af landi og mögulegt er einnig að sprauta lyktareyðandi emsímum yfir múgana. Fylgst verður með örverum með sýnatöku úr moltunni. Sigvatni verður safnað og leitt í skólplagnir.

Næsta íbúðabyggð er í um 800 metra fjarlægð frá moltugerðinni. Nýleg dæmi úr Hafnarfirði sýna að lyktarmengunar frá moltugerð getur gætt í meiri fjarlægð en 800 m. Umrædd moltugerð er í samræmi við landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og mun stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda og auka frjósemi jarðvegs.


Umhverfisstofnu telur brýnt m.t.t. nálagrar íbúðabyggðar að sett verði skilyrði í starfsleyfi um vinnubrögð við moltugerðina til að draga úr lyktarmengun og að fylgst verði með örverum í moltunni með sýnatöku.


Umhverfisstofnun telur að í gögnum framkvæmdaáðila sé gerð nægjanleg grein fyrir framkvæmdinni og að með góðu verklagi og mótvægisáðgerðum ætti að vera unnt að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri